

# Hörgársveit

# Fréttabréf

4. árg., 10. tbl., 19. apríl 2013



## Hjalti Jóhannesson ráðinn sveitarstjóri

Hjalti Jóhannesson hefur verið ráðinn til að gegna starfi sveitarstjóra í fjarveru Guðmundar Sigvaldasonar til 1. september.

Hjalti er landfræðingur að mennt og hefur starfað sem sérfræðingur og aðstoðarforstöðumaður hjá Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri undanfarin ár. Hann starfaði áður að sveitarstjórnarmálum, m.a. á vettvangi Eyþings og Akureyrarbæjar.

Hjalti er boðinn velkominn til starfa.

## Svæði til hundapjálfunar óskast

Svæði sem hentar til þjálfunar hunda óskast til leigu eða kaups. Það þyrfti að vera í hæfilegri fjarlægð frá íbúðarbyggð. Smá lóð þyrfti að fylgja a.m.k. 1 ha og einhverskonar innisvæði, t.d. gömul útihús(mega þarfnast viðgerða).

Upplýsingar: Heiðrún Villa í s. 615 1700 eða í radgjof@hundatjalfun.is

## Sumarnámskeið/dvöl

Okkur á Leikskólanum Álfasteini langar að kanna hvort áhugi er fyrir því að nýta sér sumarnámskeið/ dvöl fyrir 1.-4. bekk ef næg þátttaka næst. Við höfum hugsað okkur að bjóða upp á tvö tímabil, 18.-28. júní og 12.-22. ágúst. Hægt væri að velja bæði tímabilin eða bara annað eftir því hvað hentar hverjum og einum. Ýmislegt yrði í boði að gera eins og t.d. smíða, skógarferð, lystigarðsferð, ýmis listavinna, ferð í sundlaugargarðinn, íþróttatímar, útileikir og fleira.

Upplýsingar veitir Hugrún í síma 461-2624

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** horgarsveit@horgarsveit.is

**Póstfang:** Pelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** www.horgarsveit.is

**Hörgársveit**

## Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

**Fundur nr. 34** miðvikudaginn 19. apríl 2013. Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Helgi Þór Helgason, Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Fundarritari: Guðmundur Sigvaldason.

### **1. Ársreikningur sveitarsjóðs fyrir árið 2012, fyrir umræða**

Skv. ársreikningnum urðu rekstrartekjur sveitarsjóðs alls 430,5 millj. kr. og rekstrargjöld 415,8 millj. kr. á árinu 2012. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 8,5 millj. kr. Heildarrekrarniðurstaða sveitarsjóðs á árinu varð því jákvæð upp á 6,2 millj. kr. Veltufé frá rekstri á árinu var 32,0 millj. kr. Handbært fé í árslok var 56,8 millj. kr. og lækkaði um 8,9 millj. kr. milli ára. Aðalheiður Eiríksdóttir frá PriceWaterhouseCoopers svaraði fyrirspurnum. *Samþykkt að vísa ársreikningi sveitarsjóðs fyrir 2012 til síðari umræðu.*

### **2. Veikindaleyfi sveitarstjóra**

*Samþykkt að ráða Hjalta Jóhannesson sem starfandi sveitarstjóra til 1. september 2013.*

### **3. Fundargerð heilbrigðisnefndar, 13. mars 2013**

*Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

### **4. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 9. apríl 2013**

Í fundargerðinni eru fimm tillögur til sveitarstjórnar; að gert verði ráð fyrir efnistökusvæði á Gáseyri, um umsagnir um drög að tillögu að aðalskipulagi, um öflun upplýsinga vegna Blöndulínu 3, um umsögn um frummatsskýrslu vegna umhverfismats á efnistöku á Skútum og um útboð á söfnunarferðum úrgangsefna.

*Tillögur skipulags- og umhverfisnefndar samþykktar með breytingu á þeim sem gerð var á fundinum.*

### **5. Fundargerð atvinnumálanefndar, 15. apríl 2013**

Í fundargerðinni eru tvær tillögur til sveitarstjórnar; um styrkveitingar til eflingar atvinnulífs í sveitarfélaginu og um útgáfu upplýsingabæklings fyrir ferðamenn. Auk þess er þar gerð gerð grein fyrir skýrslu

*Tillögur atvinnumálanefndar um styrkveitingar til eflingar atvinnulífs í sveitarfélaginu samþykktar, þ.e. til Hjalteyrar ehf. kr. 350.000 og til Rúnars Gústafssonar kr. 350.000, og tillögu nefndarinnar um að kr. 400.000 verði varið til að gefa út upplýsingabækling um þá þjónustu, sem er í boði í sveitarfélaginu fyrir ferðamenn.*

### **6. Þelamerkurskóli, niðurstaða útboðs skólaaksturs**

fyrir skólaárið 2013-2014. Útboðið gerði ráð fyrir að akstursleiðir væru fimm, sem hér segir: Leið 1 (Ytri-Bakki, Fagriskógur, Ós, Þrastarhóll – skóli), leið 2 (Staðartunga – skóli), leið 3 (Auðnir – skóli), leið 4 (Skjaldarvík, Gásir, Tréstaðir – skóli), leið 5 (Lónsbakki, Hraukbær, Pétursborg – skóli).

*Samþykkt að gengið verði til samninga við Skíðarútuna ehf. um skólaakstur á leið 1, við FAB Travel ehf. um skólaakstur á leið 2, við Sigurð B. Gíslason um skólaakstur á leið 3, við Klæng Stefánsson um skólaakstur á leið 4 og við Hópfærðabíla Akureyrar ehf. á leið 5.*

#### **7. Leiga á túnum og landspildu, niðurstaða útboðs**

*Samþykkt að gengið verði til samninga við Margréti V. Magnúsdóttur um afnot af túnum á Hjalteyri og Ytri-Bakka, við Sturlu Eiðsson um afnot af túnum á Ósi og við Guðröð Ágústsson um afnot landspildu á Syðri-Bakka, á grundvelli fyrirbyggjandi tilboða frá viðkomandi aðilum.*

Axel Grettisson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins

#### **8. Spónsgerði, framkvæmdaleyfi vegna efnistöku**

Lagt fram bréf, dags. 9. apríl 2013, frá HGH verki ehf. þar sem því er andmælt að félaginu hafi verið gert að leggja fram tryggingu vegna framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku í landi Spónsgerðis, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 15. febrúar 2012.

*Meirihluti sveitarstjórnar samþykkti að fallið verði frá því að trygging fyrir frágangi, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd, væri skilyrði fyrir því framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Spónsgerðis, sem samþykkt var að gefa út 15. febrúar 2012. Jafnframt samþykkti meirihluti sveitarstjórnar að fallið verði frá því að trygging fyrir frágangi, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd, væri skilyrði fyrir því framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Hlaða, sem samþykkt var að gefa út 20. mars 2013.*

#### **9. Sláturhús B. Jensen, viðbygging**

Óskað er eftir leyfi fyrir viðbyggingu við sláturhús B. Jensen, sem fyrirhugað er að verði í suðaustur frá núverandi húsnæði, sem m.a. þýðir að hugsanlega þurfi að færa farveg Lónsins.

*Samþykkt að fresta afgreiðsla umsóknar og jafnframt að viðræður fari fram við Akureyrarbæ um hugsanlega tilfærslu á farvegi Lónsins móts við sláturhúsið.*

#### **10. Liðsstyrkur, atvinnuátaksverkefni**

sveitarfélaga, ríkis, atvinnurekenda og stéttarfélaga.

*Gert verði ráð fyrir að kostnaður sveitarfélagsins við atvinnuátaksverkefnið „Liðstyrk“ á árinu 2013 verði allt að kr. 500.000 og gerð verði grein fyrir því hvernig þeim kostnaði verði mætt í viðauka við fjárhagsáætlun, sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga, sem lagður verði fram á næsta fundi sveitarstjórnar.*

#### **11. Sumarstörf fyrir námsmenn**

*Gert verði ráð fyrir að verja allt að kr. 200.000 vegna sumarstarfa námsmanna á árinu 2013 og að gerð verði grein fyrir því hvernig þeim kostnaði verði mætt í viðauka við fjárhagsáætlun, sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga, sem lagður verði fram á næsta fundi sveitarstjórnar.*

## 12. **Syðri-Bakki, landskipti**

Lagt fram bréf, dags. 19. mars 2013, frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þar sem óskað er eftir samþykki fyrir fyrirhuguðum landskiptum úr jörðinni Syðri-Bakka, sem ganga út á að 1,1 ha landspilda, þar sem bæjarhús jarðarinnar standa, verði tekin undan jörðinni.  
*Samþykkt.*

## 13. **Aðstaða fyrir þjálfun hunda**

Lagt fram bréf, dags. 20. mars 2013, frá Heiðrúnu Villu Ingudóttir, þar sem óskað er eftir aðstoð við að útvega aðstöðu fyrir þjálfun hunda.  
*Boðist yrði til að auglýsa í fréttabréfi eftir aðstöðu fyrir þjálfun hunda, en sveitarfélagið hefur á eigin vegum ekki aðstöðu sem í því sambandi.*

## 14. **Strýta, bygging fjarskiptahúss**

Lagt fram bréf, dags. 21. mars 2013, frá Neyðarlínunni ohf., þar sem óskað er leyfi til að reisa lítið hús fyrir neyðar- og öryggisfjarskiptasendi á Strýtu.  
*Samþykkt að vísa til byggingarfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu.*

## 15. **Bakkabraut 2, fyrirspurn um lóð**

Lagt fram bréf, dags. 11. apríl 2013, frá Kollgátu ehf., f.h. Björns M. Rögnvaldssonar, þar sem spurst er fyrir um viðhorf sveitarstjórnar til mögulegra skilmálabreytinga á lóðinni.  
*Samþykkt að hafna því að byggingarskilmálum lóðarinnar verði breytt.*

## 16. **Hjalteyri, endurbætur fráveitu**

Gerð grein fyrir tillögu Verkís hf. að endurbótum á fráveitu Hjalteyrar.  
*Samþykkt að fara í endurbætur á fráveitu Hjalteyrar.*

## 17. **Hjalteyri, fyrirspurn um leyfi til búfjárhalds**

Lagt fram afrit af bréfi, dags. 1. mars 2013, til Hjalteyrar ehf. frá Guðröði Ágústssyni þar sem spurst er fyrir um möguleika á að nota hluta af gömlu verksmiðjunum á Hjalteyri undir ferðatengda hestamennsku og sölustöð.  
*Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins og að aflað verði nánari upplýsinga um málið. Axel Grettisson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.*

## 18. **Kjörskrá vegna alþingskosninga**

Samband ísl. sveitarfélaga hefur vakið athygli á að rétt sé að gætt sé ítrustu formsatriða við samningu kjörskráa.  
*Samþykkt að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013 í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.*

## 19. **Arnarnesland, skipting landspildu**

Lagt fram bréf frá Birnu Jóhannesdóttur o.fl., þar sem óskað er eftir umsögn um fyrirhugaða skiptingu á landspildu úr jörðinni Arnarnes, sbr. uppdrátt frá Búgarði, dags. 17. nóvember 2011.

*Samþykkt.*

**20. Tækifæri hf., aðalfundarboð**

Aðalfundur Tækifæris hf. verður 19. apríl 2013.

**21. Þrastarhóll, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir landspildu úr landi Þrastarhóls sem var auglýst 4. febrúar 2013 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 16. janúar 2013.

*Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagi.*

**22. Syðri-Reistará, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi vegna íbúðarhúss á Syðri-Reistará sem var auglýst 4. febrúar 2013 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 16. janúar 2013.

*Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagi.*

**23. Gloppa, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundahús í landi Gloppu sem var auglýst 4. febrúar 2013 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 16. janúar 2013.

*Samþykkt fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi.*

**24. Sílastaðir, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi vegna ferðaðþjónustuhúsa að Sílastöðum sem var auglýst 4. febrúar 2013 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. sbr. fundargerð sveitarstjórnar 16. janúar 2013.

*Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagi.*

**25. Hjalteyri, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta af Hjalteyri, sem var auglýst 4. febrúar 2013 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. sbr. fundargerð sveitarstjórnar 16. janúar 2013.

*Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagi.*

**26. Moldhaugar, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi vegna fjósbyggingar á Moldhaugum, sem var auglýst 4. febrúar 2013 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. sbr. fundargerð sveitarstjórnar 16. janúar 2013.

*Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagi.*

**27. Hraukbær, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir vélageymslu í Hraukbæ, sem var auglýst 4. febrúar 2013 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 16. janúar 2013.

*Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagi.*

## **28. Þátttaka í heimsleikum unglunga 2013, beiðni um styrk**

Lagt fram tölvubréf, dags. 28. mars 2013, frá Freyju Vignisdóttur, Helga Pétri Davíðssyni, Huldu Kristínu Helgadóttir, Katrínu Ólafsdóttur og Oddrúnu Ingu Marteinsdóttur, þar sem óskað er eftir styrk til þátttöku á heimsleikum unglunga sem haldnir verða í Gautaborg í Svíþjóð 28.-30. júní 2013.

*Samþykkt að vísa beiðni um styrk til þátttöku á heimsleikum unglunga 2013 til menningar- og tómstundanevndar, sem móti stefnu um meðferð styrkbeiðna vegna þátttöku í íþróttamótum.*

Helgi Steinsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 15. maí í Þelamerkurskóla.**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 13. maí.

## **Söfnunarferðir úrgangsefna**

Hörgársveit óskar eftir tilboðum í söfnun úrgangstimburs, brotamálma og úrsérgenginna hjólbarða á árinu 2013. Söfnunin skal fara fram með söfnunarferðum á fyrirfram auglýstum dögum í júní og október 2013.

Útboðslýsing er fánleg á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, síminn er 461 5474 og netfangið er [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is). Tilboðsfrestur er til kl. 15:30 miðvikudaginn 8. maí 2013. Þá verða þau opnuð á skrifstofu sveitarfélagsins að viðstöddum þeim þjóðendum sem þess óska.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

22. apríl 2013,

Sveitarstjórinn í Hörgársveit

## **Efnistaka í landi Bjarga II**

### **Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar**

Environice hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í landi Bjarga II.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 22. apríl til 3. júní 2013 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Hörgársveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Environice: [www.environice.is](http://www.environice.is).

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 3. júní 2013 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**